

Tillaga til þingsályktunar

um úttekt á stöðu kornræktar á Íslandi.

Flm.: Önundur S. Björnsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa fimm manna nefnd til að kanna með hvaða hætti megi stórauka kornrækt til fôðurgerðar á Íslandi, þannig að hún verði samkeppnisfær við niðurgreitt innflutt korn. Nefndin geri tillögur um hve mikið korn sé raunhæft að rækta innan lands og hvað þurfi til svo að hægt sé að stunda kornrækt sem aðalbúgrein. Þá leggi nefndin mat á hagkvæmni þess að rækta fôðurkorn á Íslandi og gildi þess fyrir atvinnulífið.

Nefndin skili tillögum fyrir 1. nóvember 2004.

Greinargerð.

Kornrækt hefur verið stunduð í áratugi á Íslandi, gengið vel og sannað sig. Miklir vaxtar-
möguleikar eru í fôðurkornsframleiðslu og hefur greinin alla burði til þess að vera sjálfstæð
búgrein en til þess þarf hún að verða samkeppnisfær við innflutta framleiðslu. Þannig verða
kornbændur að geta selt framleiðslu sína á samkeppnishæfu verði miðað við niðurgreidda
innflutta framleiðslu.

Hér nýtur greinin lítills stuðnings og er stunduð sem hliðarbúgrein bænda sem framleiða
mjólk og rækta korn fyrir búpeninginn. Bændur sem gætu stundað kornrækt sem aukabúgrein
og selt öðrum eru ekki samkeppnisfærir því að innflutt korn er nú selt á 15–17 kr./kg. Þeir
þurfa að fá u.þ.b. 24 kr. fyrir hvert kg. Erlendis fá kornbændur styrki til framleiðslunnar og
geta þess vegna selt korn til annarra landa á verði sem ekki er hægt að keppa við héraðs.

Korn var ræktað á um 2.400 hekturum sl. sumar og hefur kornuppskera aldrei verið meiri
á Íslandi eða u.þ.b. 9.000 tonn. Rannsóknastofnun landbúnaðarins telur ræktanlegt land sem
hentar til kornræktar vera um 600.000 ha.

Efning greinarinnar er þjóðfélagslega hagkvæm bæði þegar litið er til gjaldeyrissparnaðar
og landnýtingar. Hún eykur fjölbreytni atvinnulífs í byggðum landsins og atvinnumöguleika
bænda að sama skapi. Um leið eru færð störf til íslenskra bænda.